



Selfossi 12.maí 2021

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**16. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn miðvikudaginn 12. maí 2021, kl. 8.15 í fjarfundi.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Auðunn Guðjónsson frá KPMG var gestur fundarins.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

**1. Ársreikningur BÁ vegna ársins 2020**

Auðunn kynnti ársreikning BÁ fyrir árið 2020. Stjórn samþykkir ársreikninginn og mun undirrita hann rafrænt. Auðunn yfirgefur fundinn.

**2. Samningar milli BÁ og SHS kynntir**

Pétur kynnti nýundirritaða samninga milli Brunavarna Árnæssýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um gagnkvæma aðstoð og vegna mengunaróhappa.

**3. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni og Flúðum**

Pétur sagði frá vinnu vegna slökkvistöðvarmála á Laugarvatni og Flúðum. Talað hefur verið við tvo aðila vegna byggingar á nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum, annar hefur skilað inn áætluðum kostnaði en hinn aðilinn mun skila inn tölum á næstu dögum. Umræða um slökkvistöðvarmál á Laugarvatni, en undirbúa þarf byggingu á slökkvistöð þar.

**4. Önnur mál**

- a. Skipulag styttingar vinnuvikunnar meðal dagvinnufólks kynnt. Stjórn samþykkir fyrirkomulagið.
- b. Umræður um gróðurelda, núverandi hættuástand og nauðsynlegan búnað.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 9:05